

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um viðbrögð við olúmengun á norðurheimskautssvæðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær er áætlað að gerð alþjóðasamnings allra norðurskautsríkjanna um gagnkvæma aðstoð vegna olúmengunar í hafi á norðurheimskautssvæðinu verði lokið?*
2. *Er til sameiginleg viðbragðsáætlun þessara ríkja komi til olúmengunar í ljósi aukinna siglinga og olúvinnslu á norðurslóðum?*

Á fundi aðildarríkja Norðurskautsráðsins, sem haldinn var í Reykjavík 9.–11. október sl., lauk samningaviðræðum um samstarf vegna olúmengunar í hafi á norðurslóðum. Samningurinn felur í sér gagnkvæmar skuldbindingar um að veita aðstoð vegna olúmengunar á hafi, aukið samstarf, æfingar og upplýsingamiðlun milli viðbragðsaðila á svæðinu. Samningurinn verður undirritaður á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins sem fram fer í Kiruna í Svíþjóð á næsta ári.

Samkvæmt samningnum eru aðildarríki Norðurskautsráðsins hvert fyrir sig áfram ábyrg fyrir gerð viðbragðsáætlana og skipulagi viðbúnaðar innan eigin efnahagslögsögu. Á grundvelli samningsniðurstöðunnar er jafnframt unnið að gerð leiðbeininga sem munu fylgja samningnum og kveða á um aðgerðahluta hans og viðbragðsáætlanir utan við efnahagslögsögur ríkjanna.